

Formáli

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2022 var lögð fram til fyrri umræðu þann 25. nóvember 2020 og samþykkt við síðari umræðu ásamt eftirfarandi greinargerð þann 9. desember 2021. Vakin er athygli á því að í samanburðartölum vegna ársins 2021 eru samþykktir viðaukar ársins komnir inn í heildartölu hvernar deildar fyrir sig.

Fjárhagsáætlunin er sú síðasta á yfirstandandandi kjörtímabili. Engin breyting varð á samstarfi flokkanna í þetta sinn en eins og undanfarin ár var fjárhagsáætlun unnin sameiginlega af öllum bæjarfulltrúum og var samstarfið afar ánægjulegt. Fyrir það ber að þakka. Ennfremur er skrifstofustjóra og öðrum starfsmönnum þakkað framúrskarandi gott samstarf við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022.

Almennt

Starfsemi Hveragerðisbæjar gengur vel. Íbúar Hveragerðisbæjar skipa sér í hóp þeirra ánægðustu á landinu þegar spurt er um þjónustu sveitarfélaga. Umsvif hafa aukist gríðarlega í bæjarfélaginu þrátt fyrir það högg sem heimsfaraldur af völdum Covid-19 hefur valdið heimsbyggðinni allri sem og okkar nærumhverfi. Hveragerðisbær býr nú að því að hafa verið með hallalausan rekstur árin á undan covid og getur því tekist á við það efnahagslega högg sem nú ríður yfir heimsbyggðina. Gert er ráð fyrir tímabundnum hallarekstri á meðan að þetta ástand varir.

Margar stórar framkvæmdir hafa verið kláraðar eins og viðbygging við grunnskólann, endurbætur á búningsklefum sundlaugarinnar, umfangsmikil gatnagerð, keypt hefur verið land svo fátt eitt sé talið. Áhersla hefur verið lögð á ráðdeild en þó þannig að veitt sé óbreytt eða aukin þjónusta. Áætlunin endurspeglar þá staðreynd að í Hveragerði hefur íbúum fjölgað mjög mikið og því er nauðsynlegt að fjárfesta í innviðum til að mæta aukinni þjónustubörf.

Þegar fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var lögð fram var rætt um að óvissa væri gríðarleg hvað varðar rekstrarlegt umhverfi landsins og reyndar heimsbyggðarinnar allrar. Hafa þetta því miður reynst orð að sönnu. Þá var búist við því að bólusetningar myndu gjörbreyta stöðunni sem þær vissulega hafa gert en þó ekki með jafn afgerandi hætti og vonast var til og því er ljóst að fjárhagsleg óvissa næstu missera er enn mikil. Breyttur veruleiki í kjölfar covid er staðreynd og miklar áskoranir eru framundan í rekstri sveitarfélaga. Ljóst er að kórónuveirufaraldurinn muni hafa viðvarandi og mikil áhrif hér á landi og þar með einnig í okkar sveitarfélagi.

Við gerð fjárhagsáætlunar Hveragerðisbæjar fyrir árið 2022 er tekið tillit til afleiðinga faraldursins og fyllstu hagræðingar gætt. Þó er ljóst að miðað við þá fólksfjölgun sem hér er staðreynd er óhjákvæmilegt að bæta við starfsmönnum og á það sérstaklega við á tæknisviði sem og á fræðslusviði og í félagsmálum.

Við áætlunargerðina er enn og aftur tekið mið af yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamningana þar sem óskað var eftir því að gjaldskrárhækkunum yrði stillt í hóf og þær færu ekki umfram verðlagsþróun.

Ljóst er að mikil eftirspurn er eftir búsetu í Hveragerðisbæ og nú er staðan sú að hvergi í samanburðarhæfum sveitarfélögum er fjölgunin meiri en hér er (~7% á árinu 2021) og hvergi byggt meira en hér (12,1% nýbyggingar sem hlutfall að því húsnæði sem er fyrir).

Þrátt fyrir fordæmalaus ásókn í búsetu og þá staðreynd að öllum lausum lóðum fyrir íbúðahúsnæði er úthlutað samstundis er það meðvituð stefna bæjarstjórnar að ávallt haldist í hendur framúrskarandi þjónusta og fjölgun íbúa. Jafnframt hefur stefna bæjarstjórnar miðað að því að uppbygging íbúðarhúsnæðis sé bæði fjölbreytt og falleg og fylgi þannig yfirlýstri stefnu um að staðarandi Hveragerðisbæjar haldist áfram jafn góður og verið hefur.

Forsendur

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 er tekið mið af útkomuspá ársins 2021. Íbúafjölgun í Hveragerði er stöðug og eru íbúar nú 2.978. Hefur íbúum fjölgað um 200 eða um 9,3% á árinu sem er eins og áður er sagt fordæmalaus fjölgun og sú mesta sem nú á sér stað á landinu.

Uppbygging í Kambalandi er mun hraðari en bjartsýnustu menn þorðu að vona og augljóst að kaup Hveragerðisbæjar á því landi voru skynsamleg ráðstöfun sem mun margborga sig til baka. Einnig er verið að byggja í eldri bæjarhlutum en möguleikar til þéttingar byggðar í Hveragerði eru miklir.

Með þeim lóðum sem þegar hefur verið úthlutað og þeim lóðum sem fyrirhugað er að úthluta 2022, Hólmabrún, Friðarstöðum og atvinnulóðum í Vorsabæ, Öxnalæk og Friðarstöðum ásamt þeirri uppbyggingu sem þegar er í gangi á Edenreitnum og fyrirhuguð er á Tívolí reitnum eru íbúðir í byggingu eða framundan á teikniborðinu í bæjarfélaginu um 250 alls. Er

þar um að ræða um 25% fjölgun íbúða sem mögulega gætu hýst um 600 nýja íbúa sem flytja munu í bæjarfélagið á næstu árum. Ljóst er því að hugsa þarf til framtíðar og búa bæjarfélagið með sem bestum hætti undir þá íbúafjölgun sem í vændum er.

Fasteignaverð hefur hækkað skarpt í Hveragerði að undanfögnu sem óhjákvæmilega hefur leitt til þess að fasteignamat í bæjarfélaginu hefur hækkað ár frá ári. Bæjarstjórn hefur árlega stillt álagningarprósentu þannig af að hækkunum fasteignagjalda er stillt í hóf þannig að hækkun hefur ekki verið umfram verðlagsþróun að meðaltali. Hafa álagningarprósentur verið lækkaðar umtalsvert til þess að ná þessu markmiði. Í ár er meðaltals hækkun fasteignamats um 4,5% sem er það sama og verðlagsþróun síðasta árs og því breytast álagningarprósentur ekki í ár. Með þessari aðferð hefur verið séð til þess að íbúar Hveragerðisbæjar þurfa ekki að greiða gjöld í samræmi við sífellda verðmætaaukningu eigna þeirra heldur eingöngu miðað við verðlagsþróun sem er umtalsvert lægri árlega.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Hveragerðisbæjar fyrir árið 2022 eru:

- Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 4% á árinu 2022.
- Gert er ráð fyrir óbreyttri útsvarsprósentu eða 14,52%.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á allar tegundir húsnæðis eru óbreyttar.
- Álagningarprósentur á vatnsgjaldi, holræsagjaldi og lóðarleigu á húsnæði í öllum flokkum breytast ekki milli ára.
- Aukavatnsgjald hækkar úr 13,5 kr. pr.m³ og verður 14,- kr. pr. m³.

Miklar breytingar hafa orðið á sorpmálum að undanfögnu og ljóst að raunkostnaður vegna málaflokksins mun hækka umtalsvert á næstu árum. Því er nauðugur einn kostur að hækka gjöld vegna sorphirðu og úrgangsméðhöndlunar verulega eða um 16,6% á milli ára. Íbúðaeigendur í Hveragerði munu því greiða kr 42.000,- pr íbúðaeiningu á næsta ári fyrir þessa þjónustu. Þrátt fyrir þessa hækkun greiða Hvergerðingar samt umtalsvert minna en flestir aðrir fyrir þessa þjónustu og munar þar jafnvel

tugum prósentna. Þá stöðu má án vafa þakka viðamikilli flokkun og meðvitund íbúa um málaflokkinn.

Bæjarstjórn hefur undanfarin ár miðað hækkun gjaldskráa við verðlagsþróun síðastliðins árs en ekki við verðbólguþá komandi árs. Með þessu móti telur bæjarstjórn sig vinna með rauntölur sem hlýtur að vera eðlilegra en að hækka gjaldskrár á undan verðbólgunni en slíkt eykur verðbólguþrýsting. Verðlagsþróun síðastliðna 12 mánuði er um 4,5% og því hækka flest þjónustugjöld í samræmi við það.

Viðhald og fjárfestingar

Sú mikla fjölgun íbúa sem er staðreynd í bæjarfélaginu kallar á uppbyggingu af ýmsum toga.

Þrátt fyrir að ný viðbygging hafi verið vígð við grunnskólann á árinu 2021 og lausar kennslustofur settar upp við Leikskólann Óskaland þá er ljóst að áfram þarf að halda við uppbyggingu skólastofnana og því eru fjármunir settir til hönnunar á bæði nýjum leikskóla og á viðbyggingum við grunnskólann. Jafnframt er á árinu gert ráð fyrir viðbyggingu við Leikskólann Óskaland sem bæta mun aðstöðu starfsmanna og sérkennslu við leikskólann til framtíðar.

Stærstu fjárfestingar ársins 2022 felast í gatnagerð en lokið verður við framkvæmdir í Dalahrauni. Gert er ráð fyrir að ljúka gatnagerð við Friðarstaði og Álfafell svo úthluta megi þar lóðum á fyrri hluta ársins. Sama er fyrirhugað varðandi Öxnalæk og Vorsabæ þar sem þá verður úthlutað þeim lóðum þar hafa verið skipulagðar. Gerð Hólmabrunar, Sunnumarkar og tenging Þelamerkur inn á Sunnumörk er mikil framkvæmd og kostnaðarsöm en nauðsyn eigi Sunnumörkin austur á Selfoss að nýtast eins og ráð er fyrir gert.

Jafnframt verður uppbyggingu haldið áfram í Kambalandi og byrjað á nýjum áfanga íbúðabyggðar undir Hamrinum, verður þar með hægt að úthluta þar lóðum á árinu 2023.

Á árinu 2022 munu framkvæmdir hefjast við nýtt hjúkrunarheimili við Hverahlíð og tekur Hveragerðisbær þátt í þeirri framkvæmd með 15% framlagi. Með þeirri framkvæmd mun enginn íbúi á hjúkrunarheimilinu á Ási framar þurfa að deila herbergi með öðrum og jafnframt bætast við 4 ný rými.

Endurnýjun helmings allra götuljósa í bæjarfélaginu er einnig fyrirhuguð á árinu 2022 en til stendur að skipta út öllum ljósgjöfum fyrir LED lýsingu.

Mun sú aðgerð væntanlega leiða til hagræðingar þegar til lengri tíma er litið.

Gert er ráð fyrir stækkun bílaplans við Árhólma en þar hefur innheimta bílastæðagjalda gengið framur vonum og ekki líkur á öðru en það sama verði upp á teningnum á komandi ári.

Þó nokkrir fjármunir eru settir til viðhalds mannvirkja í eigu bæjarfélagsins en aðrar fjárfestingar Hveragerðisbæjar á árinu 2022 eru smærri.

Rekstrartölur

Við framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umræðu er gert ráð fyrir að áætlaðar heildartekjur Hveragerðisbæjar (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nemi alls kr. 3.763 m.kr. fyrir árið 2022. Þar af eru skatttekjur áætlaðar kr. 2.146 milljónir. Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 588 m.kr. og aðrar tekjur bæjarsamstæðu um 1.028 m.kr.

Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 3.126 m.kr..

EBITDA Hveragerðisbæjar er 317 m.kr.. Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er jákvæð um 169 milljónir sem er 5,6% af tekjum. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 267 m.kr. og er rekstrarniðurstaða samstæðu því neikvæð um 97,7 m.kr..

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur ríkisstjórnin samþykkt að ákvæði í lögum varðandi skuldahlutfall og jafnvægisreglu sé felld út allt til ársins 2025. En þrátt fyrir það gætir bæjarstjórn að því að skuldir bæjarfélagsins fari ekki yfir 150% af tekjum og verður sú raunin á tímabilinu.

Skuldir og skuldbindingar

Afborganir langtímalána verða tæplega 402 m.kr. og tekin ný lán munu nema 470 m.kr. á árinu 2022. Í lok árs 2022 verða skuldir og skuldbindingar samstæðu 5.055 m.kr.. Þar af er líffeyrisskuldbinding sveitarsjóðs 689 m.kr. og skuldbindingar vegna leigugreiðslna 257 m.kr. Skuldir og skuldbindingar Hveragerðisbæjar í lok ársins 2022 munu nema 150,4% af árstekjum. Skv. fjármálareglum sveitarfélaga er heimilt að draga frá skuldum skuldbindingu vegna líffeyris sem fellur til eftir 15 ár og síðar. Sé það gert myndi skuldahlutfallið batna enn frekar og verða 118,4%. Er skuldastaða sveitarfélagsins því vel undir skuldaþakinu sem lögfest hefur verið í sveitarstjórnarlögum.

Samstarf og samvinna

Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þann einlæga vilja og jákvæðni sem starfsmenn hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Ætlast er til að forstöðumenn sýni áfram yftrustu hagræðingu bæði í innkaupum og í starfsmannahaldi.

Fyrirvari

Greinargerðin er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að heildarskatttekjur muni próast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
2.477.270	2.577.911	2.839.876

Íbúum í Hveragerði hefur fjölgað stöðugt á undanförunum árum og er það afar ánægjuleg þróun. Nú eru framkvæmdir hafnar við 141 íbúð skv. talningu HMS og má því búast við áframhaldandi fjölgun íbúa enda virðist eftirspurn eftir búsetu í bæjarfélaginu vera mikil. Íbúum hefur fjölgað um 209 íbúa eða um 7,5% á árinu 2021 sem er samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár fordæmalaus fjölgun sé miðað við stærri sveitarfélög og ekkert lát virðist vera á fjölgun íbúa.

Hækkun skatttekna frá fjárhagsáætlun 2021 verður því um 10,16%, sem er meiri hækkun heldur en búist var við í þriggja ára áætlun sem skýrist af hærri útsvarstekjum og framlögum frá Jöfnunarsjóði sem voru hærri en gert var ráð fyrir. Leiða má að því líkum að ástæða hækkaðra skatttekna sé ekki síst hækkun útsvarstekna pr. íbúa og er það jákvæð þróun.

Eins og sést á töflunni hér fyrir neðan mun íbúum Hveragerðisbæjar hafa fjölgað um 18% frá árinu 2018 og er það án vafa með hæstu tölum um íbúafjölgun sem sést hafa hér í bæ.

Íbúafj. 1.12.'18	Íbúafj. 1.12.'19	Íbúafj. 1.12.'20	Íbúafj. 1.12.'21	Væntur íbúafj. '22
2.628	2.699	2.771	2.982	3.100

00010 Útsvar

Útsvarstekjur hafa próast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
1.574.516	1.639.929	1.800.412

Í áætlun bæjarsjóðs er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna í samræmi við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga og í ljósi væntrar íbúabróunar.

Álagningarprósenta útsvars verður fullnýtt eða 14,52%.

00060 Fasteignaskattur

Fasteignaskattur hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
326.744.000	354.706.000	390.400.000

Tekjur vegna fasteignaskatts hafa hækkað frá árinu 2020 og til 2022 um 19,5% og skýrist það af fjölgun fasteigna en álagningarprósenta hefur til margra ára verið stillt af til að greiðsla íbúa vegna fasteigna sinna hækki ekki umfram vísitölu.

Ekki er hér tekið tillit til áætlaðra lækkana vegna ellilífeyrisþega og öryrkja samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar en þess í stað eru þær lækkanir færðar á liðinn 02-47 - Niðurgreidd þjónusta.

Álagningarprósentur fasteignaskatts verða með eftirfarandi hætti árið 2022:

Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki	0,415%
Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki	1,320%
Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki	1,480%

Álagning á íbúðarhúsnæði má að hámarki vera 0,500% og 1,320% á aðrar fasteignir. Heimilt er að hækka álagningarhlutfallið í 0,625% á íbúðarhúsnæði og 1,650% á aðrar fasteignir og því fer fjarri að Hveragerðisbær fullnýti þá möguleika sem eru á álagningu fasteignaskatts.

Fasteignaverð hefur hækkað mjög skarpt í Hveragerði að undanfögnu sem óhjákvæmilega hefur leitt til þess að fasteignamat í bæjarfélaginu hefur hækkað verulega. Hefur bæjarstjórn komið til móts við íbúa vegna þessa með því að lækka álagningarprósenta mörg undanfarin ár til að greiðsla íbúa vegna fasteigna sinna hækki ekki umfram vísitölu.

00080**Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga**

Í heildarframlagi ársins 2022 er gert ráð fyrir eftirfarandi framlögum:

Tekjujöfnunarframlag	0
Útgjaldajöfnunarframlag	333.682.000
Vegna reksturs grunnskóla	73.364.000
Vegna málefna fatlaðs fólks	107.241.000
Vegna lækkunar fasteignagjalda	53.831.000
Vegna nýbúa	5.643.000
Vegna fatlaðra nemenda	11.151.000
Vegna tónlistarskóla	3.142.000

Eins og áður ríkir mikil óvissa um endanleg framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna en það fjármagn sem sjóðurinn hefur til úthlutunar endurspeglar tekjur ríkissjóðs sem erfitt getur verið að áætla og aldrei hefur það verið erfiðara en nú. Það vekur athygli að tekjujöfnunarframlagið er horfið sem gefur vísbendingu um að tekjur Hvergerðingar séu almennt að hækka miðað við samanburðarsveitarfélög.

Heildarframlög Jöfnunarsjóðs hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
524.982.000	527.354.000	588.054.000

00350 Lóðarleiga

Lóðarleiga hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
51.027.000	55.922.000	61.010.000

Álagningarprósenta lóðarleigu er óbreytt á milli ára og verður lóðarleiga því með eftirfarandi hætti árið 2022:

Lóðarleiga á húsnæði í A-flokki	0,440%
Lóðarleiga á húsnæði í B-flokki	1,50%
Lóðarleiga á húsnæði í C-flokki	1,50%

02 Félagsþjónusta

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
334.356.000	377.771.000	381.445.000

Verkefni félagsþjónustu Hveragerðisbæjar eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónusta, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við málaflokka eins og félagslega ráðgjöf, fjárhagsráðgjöf, félagslega heimþjónustu, málefni barna og unglinga, þjónustu við aldraða og fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímuegjafarnir.

Árið 2011 tók gildi samningur um sameiginlega Velferðarþjónustu sveitarfélaga í Árnessýslu utan Árborgar, Velferðarþjónusta Árnesþings.

Árið 2014 var samkomulag sveitarfélaganna útvíkkað og tekur það nú einnig til sérfræðiþjónustu skóla.

Heitir samstarfið Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Forstöðumaður starfar hjá Velferðarþjónustunni, sérfræðingur í málefnum fatlaðra og sérfræðingur á sviði barnaverndar. Félagsráðgjafar starfa hjá Hveragerðisbæ í 150% stöðu sem sinnir nærþjónustu við bæjarbúa. Hveragerðisbær sér um fjármálalega umsýslu og bókhald fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna. Kostnaður skiptist hlutfallslega á milli aðildarsveitarfélaga, velferðarhlutinn bókast á 02 en skólaþjónustan á 04.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd er sameiginleg á svæðinu og fundar hún reglulega.

Á þennan málaflokk færir kostnaður vegna málefna fatlaðra og einnig rekstur Heimilisins við Birkimörk sem er á forræði Hveragerðisbæjar.

Um áramót taka gildi lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem án vafa munu verða til hagsbóta fyrir notendur

Þjónustunnar en þar mun verða lögð rík áhersla á snemmtæka íhlutun. Nokkuð ljóst er þó að kostnaður mun verða umtalsverður hjá sveitarfélögunum vegna þessa og rík ástæða er til að óttast að boðuð framlög ríkissjóðs til stuðnings þessarar verkefna muni alls ekki duga til.

02020 Félagsmálastjóri

Á þennan lið er bókaður kostnaður vegna Velferðarþjónustu Árnesþings ásamt kostnaði við félagsráðgjafa Hveragerðisbæjar í 150% stöðu.

02110 Fjárhagsaðstoð

Miðað er við reglur um fjárhagsaðstoð sem samþykktar eru af Velferðarnefnd Árnesþings. Framlög til þessa málaflokks voru ofáætluð árið 2021 og tekur áætlun 2022 mið af þeirri staðreynd.

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
26.059.000	28.000.000	21.000.000

02180 Veittur afsláttur vegna leik- og frístundaskóla

Veittur er afsláttur vegna systkina, námsmanna og einstæðra foreldra á daggjöldum leikskóla og er hann færður til kostnaðar á félagsþjónustu. Árið 2022 er gert ráð fyrir að veittur afsláttur verði 10 m.kr..

02190 Húsaleigubætur

Á árinu 2016 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um endurskoðaða verka- og kostnaðarskiptingu milli aðila vegna breytinga á fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur. Samkvæmt samkomulaginu tekur ríkið alfarið yfir almennar húsaleigubætur og hefur Vinnumálastofnun verið falin framkvæmd við úthlutun þeirra. Sveitarfélögum samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 er skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning. Er afgreiðsla þeirra með hliðsjón af leiðbeinandi reglum um framkvæmd stuðningsins og viðmiðunarfjárhæðum sem ráðherra setur. Sveitarfélögum ber einnig að sjá um sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila barna yngri en 18 ára sem hafa tímabundið aðsetur á heimavist eða námsgörðum.

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
5.861.000	6.400.000	6.400.000

023 Barnavernd.

Undir þennan lið bókast kostnaður vegna barnaverndarmála og vistunar barna utan heimilis. Lækkun milli ára skýrist af færri málum sem enda með vistun barna utan heimilis en aukinn stuðningur í formi tilsjónar hefur verið veittur að undanfögnu til foreldra til eflingar þeim í foreldrahlutverki sínu.

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
33.582.000	31.360.000	22.020.000

024 Þjónusta við aldraða

Heildarframlög til málefna aldraðra eru samkvæmt eftirfarandi töflu.

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
82.220.000	82.849.000	91.991.000

02430 Stoðþjónusta.

Árið 2022 er heimilað að 5 stöðugildi starfi í stoðþjónustu við einstaklinga sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs sem er fækkun um 0,15 frá árinu 2021. Gerður hefur verið samningur við fyrirtækið Daga sem tekur að sér heimilisþrif á nokkrum stöðum en í staðinn hafa fastir starfsmenn frekar getað sinnt almennri stoðþjónustu af ýmsu tagi.

Á árinu 2019 var ráðinn til starfa iðjupjálfi sem sinnir þjónustu við aldraða í bæjarfélaginu og er hann jafnframt yfirmaður heimaþjónustu.

Árið 2017 hófst kvöld- og helgarþjónusta á vegum heimaþjónustu en brýn þörf var og er á þeirri þjónustu í bæjarfélaginu. Þörfin fyrir þessa þjónustu hefur ekki minnkað enda samfélagið sístækkandi. Starfsmenn stoðþjónustu sinna í dag þessari þjónustu í aukavinnu.

Hveragerðisbær og Félag eldri borgara í Hveragerði gerðu með sér samkomulag um aðkomu Hveragerðisbæjar að eflingu félagsstarfs aldraðra. Sérstakur þjónustusamningur er í gildi um samstarf bæjarins og Félags eldri borgara.

Í gildi er samningur við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás um dagvistun í Bæjarási. Árið 2007 fékkst samþykki ríkisins fyrir greiðslu 5 dagvistarplássna. Hvergerðisbær greiðir ekki fyrir þjónustuna en Ás fær framlag ríkisins beint til sín.

Tekjutenging fasteignaskatts ellilífeyrisþega var tekin upp á árinu 2003 en árið 2004 bættist einnig við tekjutenging holræsagjalds hvað þessa hópa varðar. Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignagjöldum færist á þennan lið. Gert er ráð fyrir að sú upphæð geti numið allt að 21 m.kr.. Einnig færist á þennan lið kostnaður vegna leigubílaþjónustu aldraðra kr. 1 m.kr..

Sækja þarf sérstaklega um sláttþjónustu til yfirmanns stoðþjónustu sem metur hvort viðkomandi þurfi á slíkri þjónustu að halda. Sé heimild veitt þarf viðkomandi einstaklingur að framvísa kvittun fyrir slættinum á bæjarskrifstofu til að fá hann greiddan. Greitt verður fyrir fjóra slætti á hverju heimili. Á árinu 2022 verður fyrirkomulag sláttþjónustu endurskoðað miðað við aðstæður sem þá verða uppi.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir samningsbundnu framlagi til Félags eldri borgara kr. 6,03 m.kr.. Þar er gert ráð fyrir áframhaldandi verkefni um heilsuefningu eldra fólks í Hamarshöll sem notið hefur mikilla vinsælda.

025 Þjónusta við fatlað fólk.

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
152.295.000	191.369.000	187.686.000

Þann 1. janúar 2011 fluttust málefni fatlaðs fólks til sveitarfélaganna á grundvelli samnings sem undirritaður var milli ríkis og sveitarfélaga þann 23.nóvember 2010. Sveitarfélög á Suðurlandi að Höfn og Vestmannaeyjum undanskyldum hafa myndað sameiginlegt þjónustuvæði og hefur Árborg tekið að sér umsjó á mörgum þeim málum sem áður var sinnt af Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Sérstakt þjónusturáð er starfandi og sér það um daglega umsjón með

málefnum fatlaðra á svæðinu. Í nýsamþykktu stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir lögfestingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks en þegar það gerist má búast við að kostnaður vegna málaflokksins muni aukast nema til komi framlög frá ríki til málaflokksins sem þegar er verulega vanfjármagnaður.

Á árinu 2007 var opnað heimili fyrir fatlað fólk í Hveragerði að Birkimörk 21-27. Hveragerðisbær tók við rekstri heimilisins þann 1. janúar 2011 en þar búa 5 einstaklingar sem þurfa sérhæfða þjónustu allan sólarhringinn. Á árinu 2012 keypti Hveragerðisbær húsnæði heimilisins. Árið 2022 er heimilað að í Birkimörk verði 11,31 en við styttingu vinnutíma vaktavinnufólks sem tók gildi þann 1. maí 2021 hafa stöðugildi aukist nokkuð.

Hveragerðisbær sér um ferðaþjónustu fatlaðra í sveitarfélaginu. Bifreið var fyrst keypt árið 2007 og bílstjóri ráðinn til að sinna ferðaþjónustu vegna Heimilisins Birkimörk. Einnig sinnir bílstjórinn akstri til og frá dagdvöl og öðrum akstri er tilheyrir málaflokknum. Bifreiðin var endurnýjuð árið 2016. Aukning á akstri skýrist af aukinni þjónustupörf.

Í 24. gr. og 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að sveitarfélög skuli eftir föngum gefa fötluðum kost á félagslegri liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. með aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Gert er ráð fyrir að kostnaður við félagslega liðveislu fyrir fatlaða nemi um það bil tveimur stöðugildum en vinnan er yfirleitt unnin utan hefðbundins vinnutíma.

04 Fræðslumál.

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
1.267.679.000	1.334.351.000	1.442.441.000

04010 Fræðslunefnd

Fræðslunefnd hefur heimild fyrir 6 fundum á árinu í fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir 2 mkr. til kaupa á sérfræðiþjónustu t.d. við gert skólafestfni.

04020 Skólalþjónusta Árnesþings - Hveragerði

Skólaskrifstofa Suðurlands bs. hætti starfsemi þann 31. desember 2013. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings hefur tekið yfir þau verkefni sem Skólaskrifstofa Suðurlands annaðist. Það er: sálfræðiþjónusta, kennslufræðileg ráðgjöf (leik- og grunnskóla) og endurmenntun kennara og skólastjórnenda. Talmeinafræðingur starfar hjá Hveragerðisbæ og hefur hann starfsaðstöðu hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Á árinu 2017 flutti Skóla- og velferðarþjónustan í ný innréttað húsnæði að Fljótsmörk 2 í Hveragerði. Framlag Hveragerðisbæjar til Skólalþjónustu Árnesþings er 31.9 m.kr. árið 2022.

04100 Dagvistir barna

Í Hveragerði eru reknir tveir leikskólar, Undraland og Óskaland. Unnið er eftir því markmiði að öllum börnum 12 mánaða og eldri bjóðist leikskóladvöl og hefjist hún að jafnaði á haustin.

Á árinu 2021 jókst kostnaður við rekstur leikskólanna töluvert vegna ákvæða í kjarasamningum varðandi undirbúningstíma starfsmanna. Stytting vinnuvikunnar hefur einnig reynst örðug á leikskólastiginu og vegna þessara tveggja atriða ekki síst hefur reynst nauðsynlegt að auka mönnun vegna afleysinga.

Opnunartími beggja leikskóla er frá kl. 7:45-16:30. Foreldrar geta keypt 15 mínútna vistun fyrir og eftir umsaminn vistunartíma. Óski foreldrar/forráðamenn að lágmarki fimm barna eftir opnun frá kl. 7:30 verður orðið við þeirri beiðni. Hækkun matar- og leikskólagjalda er haldið í lágmarki en þau hækka um sem nemur áætlaðri vísitöluhækkun síðastliðins árs, eða að jafnaði um 4,5%.

Elsti árgangur leikskólans fær 4 stundir gjaldfrjálsar á dag og systkinaafsláttur gildir þvert á skólastig eða á milli dagforeldra, leikskóla og skólasels þar sem annað systkini fær 30% afslátt og gjaldfrjálst er fyrir önnur systkini eldri.

Fyrir auka korterin er greitt sérstaklega og mun eitt slíkt á dag kosta kr. 2.120,- pr. mánuð og tíminn milli 16 og 16:30 kostar kr. 4.240,- pr. mánuð þar sem sú vistun fer fram utan hefðbundins dagvinnutíma. Reglur eru í gildi varðandi innritun og gjöld á leikskólum bæjarins og þar eru afsláttarkjör einnig tilgreind.

Á árinu 2020 var ráðinn iðjubjálfi að leikskólum bæjarins og skiptist staðan jafnt á milli leikskólanna. Viðræður standa yfir varðandi þann möguleika að iðjubjálfinn sinni öllum skólastigum framvegis.

Sumarfrí leikskólanna beggja verður samfelt í 24 daga eða frá 4. júlí til 5. ágúst 2022 að báðum dögum meðtöldum.

Gjald fyrir dagvistun frá 1.1. 2022 er sem hér segir;

4 klst. + hressing	16.740
5 klst. + hressing + hádegi	26.500
6 klst. + hressing + hádegi	30.170
8 klst. + hressing x 2 + hádegi	39.590
8 3/4 klst. + hressing x 2 + hádegi	45.950

04100 Mötuneyti leikskólanna

Frá og með árinu 2019 er allur matur leikskólanna eldaður í eldhúsi leikskólans Undralands. Kostnaður vegna mötuneytis er færður sérstaklega á deild 04-10. Skiptist sá kostnaður milli leikskólanna í hlutföllum miðað við fjölda barna og starfsmanna. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna þess aksturs sem fellur til við matarflutninga á milli staða.

04110 Leikskólinn Undraland

Á haustmánuðum 2017 tók leikskólinn Undraland til starfa í nýju húsnæði að Þelamörk 62. Húsið sem er 1.100 m² að stærð rúmar sex deildir og gert er ráð fyrir að börnum sem náð hafa 12 mánaða aldri að hausti bjóðist þar með vistun á leikskólum Hveragerðisbæjar. Strax voru opnaðar fjórar deildir, fimmta deildin bættist fljótlega við og á haustmánuðum 2018 opnaði sjötta deildin. Leikskólinn hefur verið fullsetinn allt árið 2021 og ekkert bendir til annars en að svo verði áfram.

Rekstrarkostnaður Undralands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
284.820.000	296.685.000	324.376.000

- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 18,1 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Undralandi á árinu 2022.
- 1110 Heimiluð stöðugildi eru í upphafi árs 35,5. Gert ráð fyrir að þar af verði 12 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 9,66 stöðugildum.

04120 Leikskólinn Óskaland

Á miðju ári 2004 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir leikskólann Óskaland. Stækkaði hann þá úr einnar deildar leikskóla í tveggja deilda. Á árinu 2007 var byggingin fullkláruð með tilkomu tveggja nýrra deilda við skólann. Á árinu 2021 voru keyptar tvær lausar kennslustofur sem settar voru niður á lóð leikskólans. Á árinu 2022 er ráðgert að byggja við leikskólann svo bæta megi aðstöðu starfsmanna og sérfræðinga sem starfa við skólann. Samhliða þarf að breyta bílastæðum til að mæta þeim breytingum sem verða á umhverfi leikskólans. Á haustönn 2021 var staðan sú að elsta deild leikskólans var rekin í húsnæði Bungubrekku og ein deild var rekin í sal skólans. Miklir erfiðleikar voru varðandi mönnun og því hefur ekki verið hægt að taka inn börn með þeim hætti sem allir hefðu viljað óska á haustmánuðum 2021.

Rekstrarkostnaður Óskalands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
226.802.000	229.797.000.	276.349.000

- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 3,2 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Óskalandi á árinu 2022
- 1110 Launakostnaður. Heimiluð stöðugildi eru 33,44 árið 2022. Gert er ráð fyrir að þar af séu 12 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 10,55 stöðugildum.

04170 Dagforeldrar

Í ársbyrjun 2006 voru teknar upp niðurgreiðslur daggjalda barna sem vistuð eru hjá dagmæðrum. Á árinu 2018 var samþykkt að foreldrar barna sem orðin eru 12 mánaða og velja að vera í vistun hjá dagforeldrum munu greiða sama gjald og á leikskóla frá 1. þess mánaðar sem næstur

er á eftir eins árs afmælisdegi barnsins. Með þessu móti geta foreldrar valið um vistun hjá dagforeldrum eða leikskólavistun án tillits til kostnaðar. Jafnframt hefur verið gert samkomulag við eitt starfandi dagforeldri á hverjum tíma, tímabundið, um að Hveragerðisbær tryggji ávallt greiðslur fyrir þann fjölda barna sem heimild er fyrir. Með því móti er vonandi tryggt að allavega eitt dagforeldri verði starfandi í bæjarfélaginu. Ákvörðun um tímalengd þess samnings er tekin af bæjarráði í hvert og eitt sinn. Samþykkt hefur verið að dagforeldrar fái kr. 100.000,- sem styrk í upphafi starfstíma sem ætlaður er til kaupa á nauðsynlegum búnaði. Auk þess fá þeir kr. 50.000,- greidda á ári í leikfanga- og tækjakaup. Eingöngu er gert ráð fyrir einu dagforeldri starfandi á næsta ári. Upphæðir styrkja gilda fyrir alla dagforeldra en ákvörðun varðandi starfs/launatryggingu liggur hjá bæjarráði.

04230 Námsvistargjöld

Á þennan lið færast kostnaður Hveragerðisbæjar vegna greiðslna sem bærinn þarf að inna af hendi vegna barna með lögheimili í Hveragerði sem stunda nám í grunnskólum utan lögheimilisveitarfélags.

04240 Grunnskólinn í Hveragerði

Útgjöld til grunnskólans hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
637.557.000	672.014.000	707.605.000

- 0540 Gert er ráð fyrir 4,5% hækkun gjaldskrár mótuneytis til að mæta verðlagshækkunum undanfarins árs. Hver máltíð mun því kosta kr. 450,-. Hækkunin mun koma til framkvæmda þann 1. janúar 2022.
- 0990 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss, en alls stunda nú 49 börn úr Ölfusi nám í grunnskólanum. Ölfusingar greiða hlutfallslega í rekstri GíH miðað við fjölda barna en hlutfallsgreiðsla þeirra vegna eignasjóðs er 14%.
- 1110 Árið 2022 eru heimiluð stöðugildi við grunnskólann 64,05 að meðaltali. Stöðugildi fyrir utan kennara og skólastjórnendur eru 20,75 og fjölgar því þeim starfsmönnum um 2,92 stöðugildi á milli ára eða úr 17,83 sem greinist þannig; stuðningsfulltrúar 15,05 (voru 13,13), ritari 1, húsvörður 1, í mótuneyti eru 3 (voru 2,0) og bókasafnsvörður er í 0,7 stöðugildi

Aðalstörf stuðningsfulltrúa er aðstoð við einstaka nemendur í skólafarfinu og gæsla í frímínútum.

Árið 2022 eru heimiluð stöðugildi kennara að meðtöldum stöðugildum skólastjóra og deildarstjórum 38,3 sem er fækkun úr 41,40 frá fyrra ári sem er að stærstu leyti vegna starfsmanna sem ekki eru lengur í langtímaveikindum.

Í fjárhagsáætlun er tekið tillit til kostnaðar sem fellur til vegna tölvubúnaðar sem keyptur verður í samræmi við tillögur starfshóps um stafræna þróun grunnskólans. Verulega er bætt í þar og eru settar 13,4 mkr á liðina viðhald búnaðar og tækja og innanstokksmuna.

Gjaldfærð afnot af ípróttahúsi og sundlaug taka mið af raunkostnaði við rekstur umræddra mannvirkja.

04310 Frístundaskóli

Frístundaskóli var settur á laggirnar í upphafi skólaársins 2000-2001. Frístundaskólinn er rekinn á ábyrgð grunnskólans í húsnæði sem áður hýsti leikskólann Undraland. Forstöðumaður hefur verið ráðinn í fullt starf og sér hann um starfsemi frístundaskólans og félagsmiðstöðvar fyrir unglinga. Fyrir dvöl í frístundaskólanum er greitt að lágmarki fyrir 30 tíma á mánuði.

Gjaldskráin er sem hér segir:

Frá því að skóla lýkur og til kl. 14:00	260,- pr. dag.
Frá því að skóla lýkur og til kl. 16:00	780,- pr. dag.
Frá því að skóla lýkur og til kl. 16:30	990,- pr. dag.

Í frístundaskólanum er boðið uppá hressingu og er greitt fyrir hana sérstaklega kr. 180,-. Fyrirkomulag gjaldtöku var endurskoðað á haustmánuðum 2021.

Breytingar á gjaldskrá taka gildi þann 1. janúar 2022.

Systkinaafsláttur gildir á milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla.

04320 Bungubrekka

Kostnaður við það starf sem fram fer í Bungubrekku, frístundaskóla, félagsmiðstöð og sumarnámskeið er allt bókað á sömu deildina og síðan er þeim kostnaði skipt á viðkomandi starfsemi eftir notkun hverrar deildar í húsinu.

Frístundaskólinn greiðir 55% af heildarkostnaði Bungubrekku
Félagsmiðstöðin greiðir 20% af heildarkostnaði Bungubrekku
Ævintýranámskeið greiðir 25% af heildarkostnaði Bungubrekku.

Viðhald innanstokksmuna og áhalda nemur 4,2 m.kr á árinu 2022 og munar þar mestu um tölvubúnað sem gert er ráð fyrir að kaupa vegna stofnunar rafíþróttaklúbbs í Bungubrekku.

Alls eru heimiluð 7,4 stöðugildi í Bungubrekku árið 2022. Gert er ráð fyrir að 100 börn sæki frístundaskóla á árinu 2022.

Gert er ráð fyrir kostnaði 6,4 m.kr. sem fellur til vegna aksturs nemenda úr Bungubrekku í Hamarshöll en börnin eru keyrð fram og til baka á æfingar með langferðabifreið.

04510 Tónlistarskóli

Hveragerðisbær er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga og verður kostnaðarhlutdeild í samræmi við fjárhagsáætlun skólans. Gerður hefur verið samningur við Tónsmiðju Suðurlands um starfsemi skólans í Hveragerði. Á árinu 2011 tók gildi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku ríkisins á kennslukostnaði vegna nemenda á mið og efsta stigi söngnáms og efsta stigi almenns tónlistarnáms.

Lækkun milli ára skýrist af ofáætlun til málaflokksins árið 2021

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
40.821.000	47.117.000	46.448.000

05 MENNINGARMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
75.492.000	79.745.000	89.171.000

05210 Bókasafnið í Hveragerði

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
41.999.000	43.036.000	46.716.000

Forstöðumaður er í 1 stöðugildi og bókaaverðir munu á árinu verða í 2 stöðugildum við safnið. Jafnframt er gert ráð fyrir sumarafleysingu í þrjá mánuði yfir sumartímann.

Gert er ráð fyrir að rekstur safnsins verði áfram með svipuðu sniði, fjármagn til bókaþaua verður 2.8 m.kr.. Á liðinn annar rekstrarkostnaður er settur kr. 400 þús. sem getur nýst til menningaraukandi starfsemi að vali forstöðumanns. Á liðnum „Viðhald áhalda“ er gert ráð fyrir 300 þúsund. Til viðhalds innanstokksmuna eru settar 870 þús..

05310 Héraðsskjalasafn Árnessýslu

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

05330 Byggða- og listasafn

Framlagið er í samræmi við samþykkt Héraðsnefndar.

05790 Hátíðahöld

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna hátíðarhalda t.d. Blómstrandi daga, 17. júní og fleiri.

Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem hápunktur sumarstarfs bæjarbúa og verður haldin aðra helgi eftir Verslunarmannahelgi eða 12.-14. ágúst 2022.

Undir liðnum annar rekstrarkostnaður er gert ráð fyrir framlagi til Hengils Ultra en sá viðburður hefur fest sig í sessi sem ein af aðal hátíðum ársins í bæjarfélaginu.

Framlög til einstakra hátíða verða með eftirfarandi hætti:

Blómstrandi dagar	5.500.000
17. júní	2.000.000
Sumardagurinn fyrsti	200.000,-
Jólahátíð	600.000,-
Annar rekstrakostnaður	2.200.000,-

05810 Leikfélag

Gerður hefur verið þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis sem m.a. tryggir félaginu fast fjárframlag auk niðurfellingar fasteignagjalda og framlags vegna verka sem innt verða af hendi.

05990 Ýmsir styrkir

Samningur er í gildi milli Listasafns Árnesinga og Hveragerðisbæjar sem tryggir samstarf þessara aðila. Gert ráð fyrir 4,25 m.kr. framlagi til safnsins á árinu.

Hveragerðisbær er þátttakandi í ýmsum menningaraukandi verkefnum auk þess að bæjarfélagið styrkir Hveragerðiskirkju vegna barnastarfs. Til þessara verkefna er gert ráð fyrir 930 þúsund til þeirra.

06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
228.205.000	231.598.000	265.829.000

06010 Menningar, íþróttar- og frístundanefnd

Gert er ráð fyrir að Menningar, íþróttar- og frístundanefnd fundi eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári.

Til sérstakra nota nefndarinnar eru settar 835 þúsund sem skiptast á eftirfarandi verkefni:

Sumarbæklingur	150.000
Íþróttamaður ársins	100.000
Afrekssjóður	300.000
Önnur verkefni	285.000

Greiðsla frístundastyrkja til allra barna og ungmenna á aldrinum 0-18 ára hófst á árinu 2016. Greiðslan mun nema kr. 26.000,- pr. barn árið 2022.

06020 Menningar- og frístundafulltrúi

Menningar, íþróttta og frístundafulltrúi er í 100% stöðu hjá Hveragerðisbæ. Menningar- og frístundafulltrúi er forstöðumaður sundlaugar og íþróttahúsa bæjarins.

06270 Ævintýranámskeið barna og unglinga

Á þennan lið færast kostnaður vegna ævintýranámskeiða fyrir börn á aldrinum 6-10 ára sem tryggir þeim örugga afþreyingu frá kl. 8-17 alla virka daga.

Fyrir þau börn sem eru allan daginn á ævintýranámskeiðinu er heitur matur í hádeginu og tvisvar sinnum hressing. Er gjald fyrir matinn innifalið í námskeiðsgjöldum.

Hvert ævintýranámskeið er tvær vikur.

Greitt er fyrir heilan dag kr. 16.300,-.

Greitt er fyrir hálfan dag kr. 8.000,-.

Elsti árgangur leikskóla fær gjaldfrjálsan aðgang að ævintýranámskeiðunum.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir sumarnámskeiðum í Bungubrekku fyrir eldri börn. Mun forstöðumaður ákvarða gjaldskrá fyrir þau námskeið í samráði við bæjarstjóra.

Á þennan lið færast 25% af kostnaði Bungubrekku en námskeiðin eru rekin þaðan.

06310 Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð grunnskólabarna flutti á árinu 2017 í húsnæðið sem áður hýsti leikskólann Undraland. Gert er ráð fyrir að opið verði tvisvar í viku fyrir miðstig, 16:30 – 18:30 og tvö kvöld vikunnar fyrir unglingastigið 19:30 – 21:30. Starfið er í stöðugri endurskoðun og því getur opnunartími breyst.

Á þennan lið færir 20% af rekstrarkostnaði Bungubrekku.

06510 Íþróttahús

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi í íþróttahúsi. Heimiluð stöðugildi eru 3,8 árið 2022. Hefur þetta hlutfall hækkað nokkuð vegna breytts vinnutíma vaktavinnufólks.

- 0740 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans.
- 0770 Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.

Til viðhalds áhalda eru settar 1 m.kr. og gert er ráð fyrir 0,25 m.kr. til viðhalds innanstokksmuna.

06550 Sundlaug

Endurbætur á búningssklefum Sundlaugarinnar í Laugaskarði hófust í október 2020 og lauk að fullu á árinu 2021.

Gjaldskrá Sundlaugarinnar í Laugaskarði árið 2022:

	Stakt skipti	10 miða kort	Árskort
Fullorðnir	1.050	4.700	32.400
Börn	370	1.450	

Heimiluð stöðugildi 7,85 í upphafi árs en verða 5,85 síðar á árinu. Skýrist þetta af langtímaveikindum starfsmanna sem væntanlega verða yfirstaðin þegar líður á árið. Ráðið er í fleiri stöðugildi á sumrin.

Frá og með 1. júlí 2006 hafa börn og ungmenni að 18 ára aldri sem búsett eru í Hveragerði fengið ókeypis aðgang að sundlauginni í Laugaskarði. Frá og með 1. desember 2006 hafa einnig þau börn og ungmenni sem búsett eru í Ölfusi en stunda nám við Grunnskólann í Hveragerði notið sömu réttinda.

- 0740 Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans af sundlauginni.
- 0770 Reiknaðar tekjur frá Íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.
- Opnunartími sundlaugar á veturna er frá kl. 6:45 - kl. 20:30 mánudaga til föstudaga og laugardaga og sunnudaga er opið milli kl. 10 og 17:30. Lengri opnunartími er á sumrin en þá er opið mánudaga til föstudaga frá kl. 6:45 – 21:30 en um helgar 09:00 – 19:00. Sumartími gildir frá 15.maí til 14.september.

06560 Hamarshöll - Aðstöðuhús

Árið 2009 var aðstöðuhús við Grýluvöll tekið í notkun. Það hýsir tvo stóra búningsklefa auk dómaraherbergis með baðaðstöðu, boltageymslu, skrifstofu og ýmiss annars nauðsynlegs rýmis.

Í nóvember 2012 var Hamarshöllin tekin í notkun, loftborið íþróttahús. Þar er gervigrasvöllur í hálfri stærð, íþróttagólf fyrir fjölbreytta notkun og púttvöllur og æfingaaðstaða fyrir golfara. Auk þess er í húsinu starfsmannaaðstaða og salernisaðstaða.

Opnunartími hússins er á milli 11 og 23 á virkum dögum eða eftir samkomulagi og eftir samkomulagi um helgar. Starfsmannahald tekur mið af þessum opnunartíma en getur breyst með aukinni notkun.

Undir þennan lið fellur húsaleiga greidd Fasteignafélagi Hveragerðisbæjar v. Hamarshallar og annar rekstrarkostnaður vegna mannvirkjanna. Stöðugildi í Hamarshöll/aðstöðuhúsi eru 2,35.

Gert er ráð fyrir að tekjur vegna leigu til þriðja aðila verði 2,720 m.kr. en eftirspurn hefur verið eftir tímum í höllinni til ýmissa nota.

06610 Íþróttavellir

Undir þennan lið fellur kostnaður við rekstur íþróttavalla annarsvegar á Vorsabæjarvöllum og hinsvegar undir Hamrinum, vestan Dynskóga.

- 0770 Reiknaðar tekjur frá Íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttafélagsins Hamars.
- 4660 Gert er ráð fyrir kostnaði sem felst í nauðsynlegum endurbótum á búnaði og viðhaldi vallanna.

06810 Íþróttafélagið Hamar

- 9240 Reiknuð afnot íþróttamannvirkja. Framlagið er reiknuð afnot Íþróttafélagsins Hamars af Hamarshöll, íþróttahúsi, sundlaug, íþróttavöllum og aðstöðuhúsi Hveragerðisbæjar.
- 9420 Framlag til íþróttastarfs. Samningur er í gildi við Íþróttafélagið Hamar. Á árinu 2019 voru settar 4 m.kr. vegna fyrirhugaðrar

ráðningar verkefnastjóra til Íþróttafélagsins í 50% stöðu en áframhald verður á þeim stuðningi. Beinn fjárstuðningur til Íþróttafélagsins Hamars mun nema 11 m.kr.. Gert er ráð fyrir lækkun á þeirri fjárhæð vegna vilja bæjarstjórnar til að endurskoða fyrirkomulag stuðnings við Íþróttafélagið Hamar.

06840 Hestamannafélagið Ljúfur

Þjónustusamningur við Hestamannafélagið Ljúfur er í gildi. Þar er gert ráð fyrir framlagi sem nýta á til umhverfisúrbóta á svæði hestamana. Gert ráð fyrir beinum fjárstuðningi kr. 1.570 þúsund í þeirri upphæð er gert ráð fyrir umræddu framlagi, greiðslum vegna námskeiða, hátíðahalda, auk beina framlagsins sem áður er getið. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi til greiðslu fasteignajalda.

06840 Styrkir til Golfklúbbs Hveragerðis

Þjónustusamningur við Golfklúbb Hveragerðis hefur verið endurnýjaður. Þar er gert ráð fyrir fjárstyrk til hans kr. 6,7 m.kr., Þeirri greiðslu er ætlað að mæta kostnaði vegna námskeiða fyrir börn og unglinga kr. 520 þúsund, vegna sumarstarfsmanns kr. 780 þúsund, til viðhalds tækja 0,4 m.kr. Beinn rekstrarstyrkur verður 5 m.kr. en fyrirhugaðar eru úrbætur á húsnæði og annarri aðstöðu golfara. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi frá áhaldahúsi.

07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
45.269.000	49.645.000	52.792.000

Á vormánuðum 2011 samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar að gerast aðilar að Brunavörnum Árnessýslu. Vegna þessa sér Hveragerðisbær ekki lengur um rekstur slökkviliðs eða slökkvistöðvar heldur greiðir árlegt framlag til Brunavarna í samræmi við ákvarðanir Héraðsnefndar. Framlag sveitarfélaga til Brunavarna Árnessýslu skiptist samkvæmt íbúafjölda og að hluta skv. brunabótamati fasteigna í sveitarfélaginu.

07210 Brunavarnir

Framlag til Brunavarna er fært á þennan lið.

07410 Almannavarnanefnd

Sveitarfélög í Árnessýslu standa saman að rekstri Almannavarnanefndar Árnessýslu. Nefndin tekur þátt í kostnaði við starfsmann á sviði Almannavarna með aðsetur hjá Lögreglustjóra Suðurlands.

07430 Öryggismyndavélar

Öryggismyndavélar eru við innkeyrslurnar í Hveragerði og eru þær tengdar við lögreglustöðina á Selfossi sem hefur yfirumsjón með vöktun og að vélbúnaður sé í lagi. Vélnar voru keyptar nýjar árið 2018 og það sama ár voru tengingar endurnýjaðar. Samningur er í gildi milli bæjarfélagsins, Neyðarlínunnar og embætti lögreglustjóra um öryggismyndavélnar. Settar eru 180 þúsund vegna tilfallandi kostnaðar.

07450 Rauði Kross - Hveragerðisdeild

Hveragerðisbær greiðir fasteignagjöld vegna húseignar félagsins við Mánamörk kr. 700.000,-

07830 Framlög til skáta

Þjónustusamningar eru í gildi við bæði Hjálparsveit Skáta og Skátafélagið Strók. Í þeim er HSSH tryggt framlag uppá 3,09 m.kr.. en í því felst ýmis vinna sem sveitin ynnir af hendi fyrir bæjarfélagið skv. samningi þar um. Skátafélagið Strókur fær framlag sem nemur 2,7 m.kr.. Skiptist framlagið í beinan fjárstuðning, námskeiðshald fyrir börn og unglinga og greiðslur fyrir vinnuframlag. Hveragerðisbær greiðir fasteignagjöld fyrir bæði félögin.

08 HREINLÆTISMÁL

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
22.644.000	22.909.000	21.696.000

Við lokun urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu þann 1. desember 2009 jókst kostnaður við urðun verulega þar sem önnur úrræði eru öll mun kostnaðarsamari en það sem Sunnlendingar nutu á Kirkjuferju.

Með nýjum samningi um sorpmeðhöndlun sem gerður hefur verið við Íslenska gámafélagið í kjölfar útboðs sem fram fór árið 2021 er allt sorp

úr gráu tunnunni nú sent erlendis til orkuendurvinnslu. Umhverfisráðuneytið hefur boðað viðamiklar breytingar á meðhöndlun sorps þar sem rík áhersla er lögð á flokkun og endurvinnslu. Brynt er að bæjarfélagið fylgist vel með öllum þeim breytingum á málaflokknum sem framundan eru.

Mikilvægt er að leitað verði allra leiða til að minnka það sorp sem fer til dýran farveg útflutnings. Árið 2009 var innleitt þriggja tunnu flokkunarkerfi í bæjarfélaginu en þar er endurvinnanlegt sorp flokkað sérstaklega og lífrænt sorp einnig en það er síðan jarðgert í sérstakri jarðgerðarstöð sem staðsett er á svæði Íslenska gámafélagsins. Sérstakur starfshópur hefur verið starfandi í bæjarfélaginu er leggur áherslu á minnkun úrgangs, zero waste. Mun hugmyndafræði þess hóps vonandi lifa áfram.

Árið 2022 er gerð sú breyting að innheimt er eitt gjald fyrir sorp meðhöndlun og innifelur það bæði sorphirðu og alla meðhöndlun þess úrgangs sem tilverður. Gjald þetta mun nema kr. 42.000,- pr. íbúð.

Á árinu 2018 var gerð breyting þannig að allar tunnur bæjarbúa eru nú losaðar á þriggja vikna fresti. Hefur það gengið vel. Markmið til framtíðar er að hægt sé að losa gráu tunnuna enn sjaldnar en nú er gert. Á árinu 2022 mun allt kapp verða lagt á að minnka sorp sem ekki fer í endurvinnslu farveg.

08050 Heilbrigðiseftirlit

Embætti heilbrigðisfulltrúans á Suðurlandi sem staðsett er á Selfossi, hefur á hendi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar og sinnir eftirliti í því sambandi í Hveragerði.

- 9410 Hveragerðisbær greiðir til rekstur embættis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hlutfallslega í samræmi við íbúafjölda.

08210 Sorphreinsun og meðhöndlun úrgangs

Hveragerðisbær er aðili að Sorpstöð Suðurlands. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar á þeim úrgangi sem úr tunnum við heimahús kemur.

Á tekjuliðinn færast álagt gjald vegna sorps sem innheimt er af heimilum. Tekjur vegna þessa nema 49,6 m.kr. Gjöld vegna sorphirðu og sorphmeðhöndlunar verða 52,7 m.kr..

Það er ljóst að kostnaður vegna þessa málaflokks hefur hækkað verulega á undanförunum árum og ekki er útlit fyrir annað en að sú þróun haldi áfram. Leiðin til að minnka þennan kostnað er að bæjarbúa taki höndum saman og reyni með öllum tiltækum ráðum að minnka það magn úrgangs sem frá heimilum kemur og þarfnast meðhöndlunar.

08220 Gámasvæði

Hveragerðisbær starfrækir gámasvæði við áhaldahús bæjarins við Bláskóga. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs svæðisins. Kostnaður Hveragerðisbæjar vegna reksturs gámasvæðis er áætlaður 13,9 m.kr.

Miðar sem íbúar hafa fengið og veita gjaldfrjálsa þjónustu eru ígildi 5 m³ eða 10x1/2m³ árið 2022. Tæknilausnir eru þó í farvatninu í samstarfi sveitarfélaga sem gera mun miða sem þessa stafræna í sínum notenda.

Gámasvæðið er núna opið alla daga vikunnar, nema sunnudaga.

Virka dagar frá kl. 16:00 - 18:00

Laugardaga frá kl. 12:00 – 16:00

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að opnunartími gámasvæðis verði aukinn á árinu 2022.

08570 Dýraeftirlit

Árgjald hundaleyfis verður kr. 15.680 á dýr og er innifalið í gjaldinu m.a. tvær handsamanir ef hundur sleppur, merki, árleg hreinsun og trygging. Skráningargjald verður kr. 15.680,-. Afsláttur er gefinn 25% af árgjaldi hafi eigandi hunds sótt námskeið í hundauppeldi. Örorku- og ellilífeyrisþegar fá sama afslátt.

Á þennan útgjaldalið er einnig færður kostnaður vegna dýraeftirlits.

Í tekjuforsendum er gert ráð fyrir árgjaldi vegna katta kr. 4.750,- er standa á straum af kostnaði við dýraeftirlit. Skráningargjald vegna katta er kr. 4.180,-. Gerður hefur verið samningur við félagið Villiketti en með honum er málefnum villikatta í bæjarfélaginu komið í fastan og betri farveg. Félagið hefur afnot af húsi í eigu Hveragerðisbæjar fyrir starfsemi sína í bæjarfélaginu.

Samningur er í gildi við dýraeftirlitsmann og einnig er í gildi samkomulag við Árborg um geymslu á dýrum sem dýraeftirlitsmaður fangar.

09 SKIPULAGS- OG BYGGINGAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
15.623.000	3.691.000	6.564.000

09210 Skipulags- og byggingarnefnd.

Gert er ráð fyrir 8 fundum skipulags- og byggingarnefndar á árinu.

09220 Aðalskipulag

Endurskoðun aðalskipulags Hveragerðisbæjar lauk á árinu 2017. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á aðalskipulagi á árinu 2022 en samkvæmt lögum ber að endurskoða aðalskipulag í upphafi hvers kjörtímabils. Framlag fæst í Skipulagssjóði til þeirrar vinnu.

09230 Deiliskipulag

Deiliskipulagi vegna Álfafells, Friðarstaða, lóðar HNLFI lauk á árinu 2021. Unnið er að breytingu á deiliskipulagi Kambaland og líklegt má telja að um fleiri breytingar á deiliskipulagi bæjarins verði að ræða að næsta ári.

09520 Bygginga- og tæknideild

Gert er ráð fyrir að tæknideild vinni hluta af tæknivinnu bæjarins, sjái um útboð, tilboð og hafi eftirlit með þeim verkum sem í gangi eru á hverjum tíma.

Á árinu 2017 var ráðinn bygginga- og mannvirkjafulltrúi til bæjarins. Hefur hann séð um öll mál er lúta að byggingum og byggingaeftirliti í bæjarfélaginu. Einnig um viðhald fasteigna sem og gatnagerð í sveitarfélaginu. Við þessa breytingu varð til staða skipulagsfulltrúa sem sinnir skipulagsmálum í hálfu starfi auk þess sem hann sér um nýframkvæmdir og stefnumörkun á sviði fráveitu og vatnsveitu.

Með mikilli aukningu verkefna í kjölfar íbúapróunar og þeirrar uppbyggingar sem er staðreynd er nauðsynlegt að auka þann mannafla sem sinnir tæknimálum bæjarfélagsins. Því hefur verið auglýst eftir fasteignafulltrúa í fullt starf sem hafi yfirumsjón með eignasjóði bæjarins og nýframkvæmdum á því sviði. Þar sem núverandi skipulagsfulltrúi er

að ná virðulegum aldri í upphafi árs 2022 hefur verið auglýst eftir skipulagsfulltrúa í fullt starf. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að núverandi skipulagsfulltrúi sinni sérverkefnum á sviði uppbyggingar í Hveragerði áfram.

Gjaldskrá byggingargjalda verður hækkuð og tekur sú hækkun gildi við birtingu í Stjórnartíðindum í janúar.

- 0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri bygginga- og tæknideildar sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 5.774.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr. 1.732.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr. 20.208.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr. 20.208.000
Fasteignafélag Hveragerðisbæjar	Kr. 1.732.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr. 1.732.000
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 1.732.000
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Kr. 54.274.000

10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
102.228.000	87.236.000	89.283.000

Samkvæmt reikningsskilareglum skal fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvítar, gatnalýsing o.fl.) eignfærð, að frádregnum gatnagerðargjöldum, og afskrifuð í samræmi við almenna reikningsskilavenju og er viðmiðunarlíftími gatnakerfis 25 ár.

10310 Viðhald gatna og gangstétta

Á þennan útgjaldalið er fært viðhald vegna gatna og gangstétta.

- 4980 Aðkeypt vinna. Gert er ráð fyrir aðkeyptri vinnu við endurbætur gatnakerfis og gangstétta kr. 10 m.kr..

-

10530 Gangbrautir og umferðamerking

Gert er ráð fyrir kr. 7,15 m.kr. í viðhald gangbrauta og umferðamerkingar en áformað er að gera átak í merkingu gangbrauta, miðlína og hámarkshraða.

10590 Götulýsing

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna götulýsingar. Þann 1.september 2003 hóf Hveragerðisbær greiðslu til RARIK samkvæmt gjaldskrá fyrir götulýsingu. Gert er ráð fyrir 14 m.kr. til þessa liðar. Á árinu 2020 tók Hveragerðisbær við rekstri götulýsingar(ljósastaura) í bæjarfélaginu. Viðhaldsgjald hefur þar með fallið niður þar sem bæjarfélagið mun sjá um allt viðhald vegna götulýsingar héðan í frá.

Í lok árs 2021 var boðin út LED væðing kerfisins, kaup á lömpum og uppsetning þeirra. Gert er ráð fyrir að útskipting lampanna taki tvö ár en við þá breytingu ætti kostnaður við götulýsingu að minnka til muna. Kostnaður við útskiptin færist á fjárfestingu.

10610 Snjómokstur og hálkueyðing

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingar 12,3 m.kr..

10710 Almenningsamgöngur

Á árinu 2008 tóku Hveragerðisbær og sveitarfélagið Árborg yfir rekstur almenningsamgangna milli sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar þess var skrifað undir samstarfssamning við Strætó bs um umsjón með akstri á þessari sömu leið. Á árinu 2009 var aksturinn boðinn út. Í kjölfarið var gengið til samninga við SBA - Norðurleið og framlag ársins 2010 lækkaði til muna. Þann 1. janúar 2012 tók SASS yfir reksturinn og gerðir voru nýir samningar við Vegagerðina, Strætó og akstursaðila um málaflokkinn. Þann 1. janúar 2020 færðist reksturinn frá landshlutasamtökunum og til miðlægrar stofnunar á vegum ríkis sem sér nú um almenningsamgöngur á landinu.

Á þennan lið eru færðar kr. 60.000 vegna 15% endurgreiðslu á persónubundnum strætókortum til aðila sem stunda nám í framhalds- eða háskólum á svæðinu. Sala farmiða og korta fer fram á Upplýsingamiðstöð Suðurlands.

11 UMHVERFISMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
72.497.000	92.381.000	83.212.000

11010 Umhverfisnefnd

Gert er ráð fyrir að umhverfisnefnd fundi sex sinnum á árinu 2022. Settar eru 0,5 m.kr. til ýmissa verkefna auk fræðslustarfs á vegum umhverfisnefndar sem skipuleggja mun fræðslustarf í tengslum við heimsmarkmið SP og umhverfismál almennt.

11020 Umhverfiseild

Í umhverfiseild er starfandi umhverfisfulltrúi í fullu starfi. Hann sér um aðkeyptar verklegar framkvæmdir við viðhald gatna og gangstétta Snjómokstur þar með talinn. Hann hefur umsjón með rekstri fráveitu og vatnsveitu og sér um viðhaldsverkefni á þeim sviðum. Umhverfisfulltrúi er yfirmaður áhaldahúss.

0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri umhverfisfulltrúa sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 1.527.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr. 458.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr. 5.346.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr. 5.346.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr. 764.000
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 458.000
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Kr. 13.899.000

110250 Garðyrkjudeild

Í garðyrkjudeild er starfandi garðyrkjufulltrúi í fullu starfi. Í deildinni er auk hans 1,5 stöðugildi og sumarstarfsmenn er tilheyra grænu deildinni.

Garðyrkjufulltrúi hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum og viðhaldi á lóðum stofnana sveitarfélagsins, gróðurhúsum, leikvöllum, görðum og grænum svæðum. Garðyrkjufulltrúi er faglegur yfirmaður vinnuskólans og skólagarða. Garðyrkjudeildin er til húsa að Breiðumörk 21 en vonir standa til að fyrir deildina skapist aðstaða í gróðurhúsi á árinu 2022.

0750 Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri umhverfisfulltrúa sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 2.978.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr. 893.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr. 10.421.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr. 10.421.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr. 1.489.000
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 893.000

11030 Vinnuskólinn

Gert er ráð fyrir 18,1 m.kr. til starfsemi Vinnuskólans. Laun taka breytingum skv. kjarasamningi FOSS. Vinnutími er háður ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Skólagarðar og kofasmíði eru rekin samhliða Vinnuskóla. Stefnt er að því að vinnuskólinn verði samstarfsverkefni garðyrkjudeildar og Bungubrekku á árinu 2022.

11100 Aðrir leikvöllir

Á þennan lið er færður kostnaður vegna viðhalds leikvalla en gert er ráð fyrir að 4,3 m.kr. fari til viðhalds og endurnýjunar leikvalla. Gert er ráð fyrir að leiktæki sem þegar eru til verði sett upp á opnum svæðum og leikvöllum í bæjarfélaginu. Undir Hamrinum var settur upp frisbee golfvöllur árið 2020. Áfram verður unnið að skipulagi á svæðinu undir Hamrinum með útvist og fjölbreytni að leiðarljósi.

11210 Lystigarður Fossflöt

Sjálfbóaliðar hafa unnið ötullega á undanförunum árum að endurbótum á Lystigarðinum Fossflöt. Gert er ráð fyrir kostnaði við umhirðu garðsins 3,3 m.kr.

11230 Inngangshús við Hverasvæði

Gert er ráð fyrir hefðbundinni starfsemi í Hveragarðinum á árinu 2022 en full ástæða er til bjartsýni þegar horft er til framtíðar hvað ferðaþjónustu varðar. Tekjur vegna aðgangseyris eru áætlaðar 5 m.kr.. Jafnframt er gert ráð fyrir tekjum af seldri þjónustu og vörum 1,4 m.kr.. Á árinu 2013 var hafin gjaldtaka af gestum svæðisins. Aðgangseyrir fyrir fullorðna árið 2022 verður kr. 300,-. Gert er ráð fyrir að af húsinu séu hefðbundin útgjöld en settar eru 3 m.kr. til viðhalds áhalda og er þá horft til endurnýjar húsbúnaðar og/eða breytinga á sýningu hússins.

11270 Sláttur og áburður

Gert er ráð fyrir kostnaði við þennan lið 8,8 m.kr.. Samið hefur verið við við Golfklúbb Hveragerðis um garðslátt í bæjarfélaginu.

11280 Önnur garðavinna

Á þennan útgjaldalið er einkum færður kostnaður við áburð, illgresiseyðingu, haustlauka, sumarblóm og trjágróður, ásamt daglaunavinnu áhaldahúss vegna umhirðu bæjarfélagsins.

Hér er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. í aðkeyptri vinnu. Aðkeypt efni vegna garðavinnu (plöntur, fræ og áburður) verður 5,7 m.kr.. Annar rekstrarkostnaður mun nema 7,8 m.kr.. Þar er gert ráð fyrir kostnað við gerð upplifunargarðs, heilsustígs og lítils almenningsgarðs. Auk þessa er gert ráð fyrir vinnuframlagi áhaldahúss.

11480 Jöfnun úrgangsmoldar

Kostnaður vegna jöfnunar úrgangsmoldar og frágangs við jarðvegstípp í Hvammi fellur til á þessum lið. Á árinu 2022 þarf áfram að vinna stóratæk í frágangi á köntum í Kambalandi. Gert er ráð fyrir kostnaði við þennan útgjaldalið um 5 m.kr..

11610 Jólahátíð

Á þennan lið er bókaður kostnaður garðyrkju- og umhverfiseildar við jólahátíð. Í honum felst uppsetning jólaskreytinga á götum og húseignum bæjarins. Til þessa liðar eru settar 4,5 m.kr..

11630 Áramótabrenna

Gert er ráð fyrir sama kostnaði við þennan útgjaldalið. Í þéttbýlinu sem hér er og þeirri staðreynd að Kambaland er nú í uppbygginu reynist ómögulegt að hafa áramótabrennu á sama stað og undanfarin ár eða við Þverbrekkur. Þar til byggt verður á Friðarstöðum mun áramótabrennan og hefðbundin flugeldasýning HSSH vera staðsett þar, á bökkum Varmár.

13 ATVINNUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
44.143.000	16.371.000	24.207.000

13620 Upplýsingamiðstöð Suðurlands

Upplýsingamiðstöð Suðurlands starfar sem upplýsingamiðstöð í flokki 1 á landsvísu. Samstarfsaðili er Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, SASS. Einnig er rekið í Upplýsingamiðstöðinni pósthús í samvinnu við Póstinn. Upplýsingamiðstöðin var opnuð 1. júlí 2000. Upplýsingamiðstöðin er í leiguhúsnæði að Sunnumörk 2. Framlag bæjarins til Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands árið 2022 nemur 21.9 m.kr. .

Fagráð starfar sem stjórn Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands og er bæjarstjóri formaður þess. Starfsemi Upplýsingamiðstöðvar hefur undanfarið ár litast af kórónuveirufaraldrinum enda fáir ferðamenn á Íslandi nú um stundir. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að ferðapjónusta í landinu nái sér á strik aftur enda fáir staðir betri að heimsækja en Ísland á þessum umbrotatímum.

21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
133.346.000	137.710.000	172.762.000

21010 Bæjarstjórn

Fulltrúar í bæjarstjórn sem og aðrir fulltrúar í nefndum og ráðum fá greiddar fastar mánaðarlegar greiðslur fyrir störf sín og eru greiðslurnar

ákveðið hlutfall af þingfararkaupi. Fundir bæjarstjórnar eru haldnir annan fimmtudag í mánuði samkvæmt samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar. Bæjarstjórn er venjulega í frii í júlí og ágúst og er bæjarráði þá falin fullnaðarafgreiðsla mála enda sé afgreiðsla mála án ágreinings. Fundir bæjarstjórnar eru öllum opnir.

Gert er ráð fyrir lögfræðikostnaði sem færður er á bæjarstjórn 2 m.kr. Gert er ráð fyrir stuðningi við stjórnmalaflokka í samræmi við reglur sveitarfélagsins þar um 1,5 m.kr. þar er gert ráð fyrir beinum stuðningi auk greiðslu fasteignagjalda vegna húsnæðis í eigu stjórnmalafélaga. Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 18,5 m.kr., þar af eru 13,5 m.kr. sérstaklega til ráðstöfunar vegna veikindaforfalla starfsmanna Hveragerðisbæjar. Gert er ráð fyrir að forstöðumenn sækji í þennan sjóð sjái þeir fram á þörf fyrir aukafjárveitingu vegna forfalla. Til síðari ráðstöfunar bæjarstjórnar eru settar 5 m.kr.

21020 Bæjarráð

Gert er ráð fyrir að bæjarráð fundi 24 sinnum á árinu. Fundir bæjarráðs eru 1. og 3. fimmtudag í hverjum mánuði. Fundir bæjarráðs eru lokaðir. Á liðinn óráðstafað til síðari nota eru settar 1,5 m.kr. til kynningarmála og annarra verkefna.

21070 Endurskoðun

Gerður hefur verið samningur til eins árs við Deloitte endurskoðunarfyirtæki um endurskoðun Hveragerðisbæjar. Þjóða þarf út þjónustuna á árinu 2022.

21110 Kosningar

Þann 14. maí 2022 verður kosið til sveitarstjórna er það hálfum mánuði fyrr en venjan hefur verið skv. ákvæðum nýrra kosningalaga. Kostnaður vegna kosninga er ávallt mestur við sveitarstjórnarkosningar og er hér áætlaður 3 m.kr.

21400 Bæjarskrifstofa

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
66.635.000	65.273.000	74.091.000

- 0780 Eftirtaldar stofnanir greiða þátttöku í rekstri bæjarskrifstofu:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr.	13.273.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr.	2.655.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr.	13.273.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr.	13.273.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr.	3.982.000
Bílastæðasjóður Hveragerðisbæjar	Kr.	3.982.000
Fasteignafélag Hveragerðisbæjar	Kr.	3.982.000
Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna	Kr.	2.166.000
Heimilið Birkimörk	Kr.	2.055.000
Samtals	Kr.	58.641.000

Í september 2017 flutti bæjarskrifstofan í nýtt húsnæði að Breiðumörk 20. Fasteignafélagið Reitir er eigandi hússins og greiddi félagið einnig fyrir hönnun og innréttingar í hinu nýja húsnæði. Leigusamningur sem í gildi var vegna bæjarskrifstofu í Sunnumörk er fluttur yfir á hið nýja húsnæði en um leið lengist hann um tvö ár. Í samningnum er jafnframt gert ráð fyrir þeim möguleika að Hveragerðisbær eignist húsið að leigutíma loknum. Með flutningnum hafa bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar fengið veglegan sess og líffgar starfsemin jafnframt uppá gamla miðbæinn.

- 1110 Heimilið stöðugildi á bæjarskrifstofum eru 7,3 með stöðugildi bæjarstjóra.

21450 Álagning og innheimta

Gert er ráð fyrir 10,4 m.kr. vegna álagningar og innheimtu. Fyrirtækið Motus sér um milliinnheimtu Hveragerðisbæjar. Á þennan lið eru einnig færð kaup á álagningarskrá fasteigna og greiðsla bæjarins vegna innheimtu staðgreiðslu.

21510 Vinabæjamót - móttaka gesta

Til þessa liðar eru settar 1.016 m.kr. til að mæta kostnaði við móttöku gesta.

21550 Kynning bæjarfélagsins

Á þennan lið eru færð útgjöld til starfsemi sem miðar að því að upplýsa íbúa Hveragerðisbæjar, ferðamenn og aðra um þá þjónustu sem er í boði í bæjarfélaginu. Kostnaður vegna heimasíðu færist á þennan lið. Til kynningarmála eru settar 6,2 m.kr..

21610 Kjarasamningar

Hveragerðisbær er aðili að Launanefnd sveitafélaga. Launanefndin hefur umboð frá Hveragerðisbæ til að semja við bæjarstarfsmenn sem eru félagar í FOSS, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Félagi tækniþræðinga og stéttarfélagum kennara. Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna starfskjara- og starfsmatsnefnda sem og kostnaðarhlutdeildar við Launanefnd sveitarfélaga.

21620 Starfsmannahald

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna váttrygginga starfsfólks ásamt framlagi til Starfsmannafélags Hveragerðisbæjar. Gert er ráð fyrir kostnaði við trúnaðarlæknisþjónustu. Ennfremur færist hér kostnaður vegna jólagjafar til starfsmanna sem og framlag bæjarfélagsins til árshátíðar þeirra.

21710 Framlag til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands var lagt niður frá og með 1. janúar 2016 og starfsemi þess færð undir SASS. Ennfremur færðist starfsemi Menningarráðs Suðurlands á þeim sama tíma til SASS. Framlög til SASS taka mið af þessari breytingu sem og því að Sóknaráætlun Suðurlands heyrir einnig þar undir. Hér er jafnframt færð hlutdeild Hveragerðisbæjar í launum iðjupjálfa sem starfar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
7.045.000	6.758.000	7.378.000

21720 Framlag til Héraðsnefndar Árnesinga

Framlagið er ákvarðað í samræmi við fjárhagsáætlun Héraðsnefndar fyrir árið 2022 og hefur það þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
5.984.000	5.358.000	5.455.000

21920 Afskriftir og niðurfærsla

Á þennan gjaldalið er áætlað fyrir töpuðum kröfum bæjarsjóðs.

22 LÍFEYRISSJÓÐSSKULDBINDINGAR

Á þennan málaflokk eru færðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna sem greitt hafa í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Einnig er hér færð áætluð hækkun á lífeyrisskuldbindingu ársins 2022.

31 EIGNASJÓÐUR

Í samræmi við reikningsskilareglur sveitarfélaga eru allar eignir A-hluta bæjarsjóðs eignfærðar í sérstökum eignasjóði og afskrifaðar miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Afgjald til þess að mæta afskriftum, fjármagnskostnaði og viðhaldi er reiknað til tekna hjá eignarsjóði en til gjalda á mismunandi málaflokka. Afgjaldið sem Eignasjóður reiknar vegna “afnota” viðkomandi eignar er þrennskonar, í fyrsta lagi er afgjald sem tekur mið af almennum þjónustubyggingum sveitarfélaga en það er samkvæmt eftirfarandi;

Afgjald	
Fjármagnskostnaður	5,50%
Afskriftir	2,50%
Skattar og tryggingar	1,20%
Viðhald húsa og lóða	2,00%
Umsýslukostnaður	0,50%
Afgjald samtals	11,70%

Í öðru lagi er afgjald sem tekur mið af húsnæði sem nýtt er fyrir leikskóla en þar er viðhaldspáttur 3,00% og afgjaldið því 12,70%.

Í þriðja lagi er afgjald sem tekur mið af eignum sem eru að fullu afskrifaðar en þar er afgjaldið 9,20%.

Eignir sem tilheyra Eignasjóði:

31-26	Austurmörk 20	Áhaldahús
31-28	Breiðumörk 26	Skólastofur (Mjólkurbú)
31-32	Austurmörk 20	Slökkvistöð
31-33	Breiðamörk 24	Verkmenntahús (Kaupfélag)
31-34	Breiðumörk 26	Íbúð
31-36	Breiðumörk 31	Listamannahús (Varmahlíð)
31-37	Skólamörk 6	Grunnskóli
31-38	Breiðamörk „Bungubrekka“	Frístundaskóli/ - Félagsmiðstöð
31-39	Laugarskarð	Sundlaug
31-40	Reykjamörk	Tjaldsvæði
31-41	Hveramörk	Inngangshús í Hveragarðinum
31-42	Skólamörk 2	Íþróttahús
31-43	Aðstöðuhús	V. Grýluvöll
31-45	Finnmörk 1	Leikskólinn Óskaland
31-46	Þelamörk 62	Leikskólinn Undraland
31-47	Sunnumörk/Breiðumörk 20	Leiguhúsnaði
31-51	Bifreið v/ fatlaðra	
31-61	Birkimörk 21-27	Heimili f. fatlað fólk
31-62	Gatnakerfi	
31-63	Þelamörk	Gróðurhús
31-65	Hveramörk 7	Leiguhúsnaði katta
31-67	Álfafell	Geymsluhúsnaði
31-69	Breiðumörk 21	Húsnaði til sérstakra nota

Helstu kostnaðarliðir vegna viðhaldsframkvæmda á eignum bæjarins eru:

- **Austurmörk 20 – áhaldahús**
Gert er ráð fyrir almennu viðhaldi sem nemur 1,5 m.kr. Framundan er malbikun á plani í samvinnu við aðra eigendur í húsunum og annað smærri viðhald.
- **Austurmörk 20 – slökkvistöð**
Framlag til viðhalds nemur 1,5 m.kr.. Framundan er malbikun á plani í samvinnu við aðra eigendur í húsunum og annað smærri viðhald.
- **Grunnskólinn í Hveragerði**
Framlag til viðhalds húsa nemur 10,5 m.kr.. Gert er ráð fyrir ýmiskonar viðhaldi m.a. á gluggum í þaki í sal og á lagnakerfum. Haustið 2021 voru teknar í notkun sex nýjar kennslustofur. Gert er ráð fyrir viðhaldi skólalóðar fyrir 500 þúsund.
- **Bungubrekka - Frístundaskóli / félagsmiðstöð**
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss 5 m.kr og lóðar fyrir 2 m.kr.
- **Sundlaugin Laugaskarði**
Haustið 2020 hófust endurbætur við búningsklefa sem lauk að mestu árið 2021. Ekki er gert er ráð fyrir umtalsverðum fjármunum til viðhalds húss á næsta ári. Þrátt fyrir það eru settar 3 m.kr. til viðhalds húss og lóðar.
- **Tjaldsvæðið við Reykjamörk**
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss og lóðar fyrir 2 m.kr. en þar er gert ráð fyrir úrbótum vegna vatnsaga á flötum auk smærri viðhaldsverkefna.
- **Inngangshús við Hveramörk**
Til viðhalds lóðar eru settar 2 m.kr.. Auk þess er gert ráð fyrir 0,5 m.kr. til viðhalds inngangshúss..
- **Íþróttahús við Skólamörk**
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 3 m.kr.. Ýmislegt tilfallandi viðhald en lagning epoxýs á búningsklefa er þar fyrirferðarmest. Undanfarið hefur verið unnið ótulllega að viðhaldi hússins og framhald verður á því á árinu 2022.
- **Leikskólinn Óskaland**
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss fyrir 0,5 m.kr.. Til viðhalds lóðar eru settar 0,5 m.kr. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við Leikskólann Óskaland og munu hefðbundnar viðhaldsframkvæmdir að mestu falla til samhliða fjárfestingu.
- **Leikskólinn Undraland**
Gert er ráð fyrir viðhaldi húss 2 m.kr en mála á innanhúss og lagfæra kanta við glugga. Til viðhalds lóðar eru settar 1 m.kr. en

- endurbætur þarf að gera á girðingum og pöllum.
- **Birkimörk**
Gert er ráð fyrir viðgerðum á húsi og lóð 4,1 m.kr. en gera þarf við klæðningu og múrskemmdir í húsinu. Lagt er upp með almennt viðhald íbúða sem tækifæri gefast við breytingar hjá íbúahópnum.

33 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Með sístækkandi bæjarfélagi eykst þörf fyrir þjónustu þjónustumiðstöðvar og skýrir það ekki síst þá hækkun sem verður milli ára á kostnaði við þjónustumiðstöð.

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
40.663.000	43.336.000	64.661.000

33110 Daglaunamenn

- 0730 Reiknuð vinna til eigin nota.
- 1110 Mánaðarlaun, laun lausráðinna, yfirvinna og launatengd gjöld. Árið 2022 er gert ráð fyrir 6 stöðugildum auk tveggja sumarstarfsmanna í afleysingar. Er þetta mikil aukning þar sem árið 2021 var gert ráð fyrir 4 stöðugildum í áhaldahúsi auk 2 stöðugilda í afleysingar. Með þessari aukningu er gert ráð fyrir auknum opnunartíma gámasvæðis.

33210 Annar rekstrarkostnaður áhaldahúss

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við þennan útgjaldalið og áður hefur verið.

45 BÍLASTÆÐASJÓÐUR

Árið 2020 var malbikað stórt bílastæði á Árhólum sem þjónustar gesti sem koma í dalinn. Gjaldtaka hófst á bílastæðinu síðla sumars 2021 og eftir nokkuð brösuga byrjun þá hefur gjaldtakan nú tekið við sér og virkar mjög vel eftir að greiðsluvél var komið upp á svæðinu. Er það því trú bæjarstjórnar að í framtíðinni muni gjaldið gera mun meira en að standa undir þeim kostnaði sem fellur til vegna samnings um þjónustu á staðnum og að það geti einnig runnið til greiðslu kostnaðar við uppbyggingu. Einnig er gert ráð fyrir að gjaldið greiði fyrir göngutengingar frá miðbæ

Hveragerðis inn í Dal. Auk þess mun ágóðinn renna til áframhaldandi uppbyggingar bæði á Árhólum, í skógræktinni sem og í Reykjadal, Grænsdal og í nærliggjandi umhverfi. Gert er ráð fyrir að bílastæðasjóður sé ávallt gerður upp á núlli.

47 VATNSVEITA

Dreifikerfi Vatnsveitu Hveragerðisbæjar nær til alls sveitarfélagsins að undanskýldri lóð Náttúrulækningafélags Íslands en félagið rekur sína eigin vatnsveitu. Auk þess nær dreifikerfið til orlofsbyggðarinnar Ölfusborga, Ölfusi skv. sérstökum samningi þar um. Sá samningur er nú í endurskoðun enda eðlilegt að nú þegar Ölfusingar hafa hafið vatnsöflun í túnfæti Ölfusborga sjái þeir sjálfir um vatnsveitu á svæðinu.

Heildartekjur vatnsveitu hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
40.261.000	43.300.000	50.952.000

47010 Vatnsgjald/Notkunargjald

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir vatns- og notkunargjald skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Álagningarstofn vatnsgjalds er fasteignamat fasteigna sem vatnsins geta notið og er álagningarprósentan fyrir árið 2022 0,02% af fasteignamati fasteigna í A – flokki en 0,17% af fasteignum í B og C-flokki. Innheimta aukavatnsgjalds hjá öllum fyrirtækjum í Hveragerði hófst síðla árs 2007 og mun gjaldið verða 14 kr. pr. tonn árið 2022. Jafnframt er innheimt mælaleiga sem er föst krónutala ákvörðuð af bæjarráði en mælar hafa verið settir upp í fyrirtækjum bæjarins. Mælaleiga verður af minni mælum kr. 8.260,- og af stærri mælum kr. 32.400,-. Er þessi upphæð í samræmi við raunkostnað við mælana.

47050 Stofngjald vatnsveitu

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir heimæðargjald fyrir lagningu heimæða til notenda skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Heimæðargjald er skv. ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni. Gert er ráð fyrir tekjum 14,3 m.kr. á þessum lið árið 2022.

47110 Vatnsból og dælur

Vatnsveita Hveragerðisbæjar starfrækir tvö vatnsból, á Selhæðum norðan Hamars eru þrjár borholur sem gefa samtals um 60 l/sek og annað

undir Reykjafjalli sem gefur núna um 20l/sek. Hámarks vatnspörf bæjarins er nú um 45 l/sek. Vatni er dælt frá báðum stöðum inn á aðveitukerfi vatnsveitunnar. Með tilkomu vatnsbólísins undir Reykjafjalli jókst rekstraröryggi vatnsveitunnar til muna og en einnig var það jákvætt að vatn í því vatnsbóli er kaldara en á Selhæðum og hefur það orðið til þess að vatn er kaldara en áður var.

Til þessa liðar eru settar 10,3 m.kr. á árinu 2022.

47310 Aðveitu- og dreifikerfi

Aðveitukerfi liggur frá vatnsbólum við Selhæðir að miðlunartanki sem er staðsettur undir austurhlíðum Hamarsins. En vatn frá vatnsbóli undir Reykjafjalli tengist dreifikerfi bæjarins við Sundlaugina í Laugaskarði. Miðlunartankurinn er hluti af aðveitukerfi bæjarins og tekur 750 tonn af vatni.

Hveragerðisbær dreifir vatni um dreifikerfi vatnsveitunnar, frá miðlunartanki til notenda. Dreifikerfið nær frá miðlunartanki að heimæðum. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs dreifikerfisins.

47360 Heimæðar

Vatnsveita Hveragerðisbæjar sér um lagningu allra heimæða og annast og kostar viðhald þeirra. Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu Hveragerðis í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli Hveragerðisbæjar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs heimæða. Gert er ráð fyrir að til þessa liðar verði varið 7,2 m.kr. á árinu 2022.

47610 Stjórnun

Inn á þennan lykil færast gjöld vegna stjórnunar- og skrifstofuhalds vatnsveitunnar, s.s. félagsgjöld, tryggingar og þátttaka í rekstri tæknideildar, mannvirkja - og umhverfisfulltrúa og bæjarskrifstofunnar.

49 FRÁVEITA

Fráveita Hveragerðisbæjar starfrækir fráveitukerfi sem nær frá lóðamörkum lóða í Hveragerði að viðtaka sem er fráveitumannvirki að Vorsabæ. Fráveitukerfið í Hveragerði er tvöfalt kerfi, skólp- og

regnvatnskerfi. Lóðarhafar sjá um viðhald á lögnum frá húsum sínum að lóðarmörkum.

Heildartekjur fráveitu hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Fjárhagsáætlun 2022
95.686.000	112.000.000	131.665.000

49040 Fráveitugjald

Fráveita Hveragerðisbæjar innheimtir fráveitugjald skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. . Álagningarstofninn er fasteignamat fasteigna sem tengjast fráveitukerfi bæjarins og er álagningarprósentan fyrir árið 2022 0,155% af fasteignamati fasteigna í A, B og C flokki.

49050 Tengigjald fráveitu

Gert er ráð fyrir tekjum, 32 m.kr. vegna þessa liðar árið 2022.

49110 Viðhald og rekstur fráveitu

Árið 2022 er gert ráð fyrir efniskostnaði við viðhald er nemur 0,5 m.kr. og aðkeyptri vinnu að upphæð 7 m.kr.

49130 Skólphreinsistöð

Á vormánuðum árið 2002 var tekin í notkun skólphreinsistöð á bökkum Varmár sem uppfyllir ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Heildarkostnaður við rekstur skólphreinsistöðvar er 76 m.kr.. Gert er ráð fyrir verkfræði- og arkitektapjónustu að upphæð 2,5 m.kr. Einnig eru settar 2,7 m.kr. til viðhalds áhalda, innanstokksmuna og vélasamstæðu. Til viðhalds húss eru settar 2 m.kr. en klæðning er farin að láta verulega á sjá. Framlag til viðhalds lóðar verður 1,7 m.kr. en gert er ráð fyrir aðgangsstýringu að svæðinu og breytingu á meðhöndlun seyru sem mun kalla á lóðafrágang í kringum fráveitumannvirkið.

57 FÉLAGSBÚSTAÐIR HVERAGERÐISBÆJAR

57010 Stjórnunarkostnaður

Gert er ráð fyrir hlutdeild félagsbústaða í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar. Á árinu 2022 er ekki gert ráð fyrir kaupum á nýju

félagslegu leiguhúsnæði enda hefur bærinn að undanfögnu bætt við sig þremur nýjum eignum. Auk þeirra eigna sem færðar eru á félagsbústaði þá er íbúð að Breiðumörk 26 í félagslegri leigu. Viðhald og kostnaður vegna þeirrar íbúðar er færður á eignasjóð.

	Heiti eignar	Viðhald 2022
57-21	Heiðmörk 24h	500.000
57-24	Heiðmörk 10	500.000
57-26	Kjarrheiði 13	2.000.000
57-27	Reykjamörk 1	500.000
57-29	Breiðumörk 25a	600.000

Í flestum tilfellum er um að ræða tilfallandi viðhald eða endurbætur í þágu aðgengismála.

61 FASTEIGNAFÉLAG HVERAGERÐIS

61010 Yfirstjórn

Gert er ráð fyrir 4 fundum í stjórn Fasteignafélags Hveragerðis á árinu 2022. Gert er ráð fyrir endurskoðun og ráðgjafarþjónustu á árinu 2022 0,25 m.kr.. Gert er ráð fyrir hlutdeild fasteignafélagsins í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar.

61100 Hamarshöll

Gert er ráð fyrir leigutekjum frá Hveragerðisbæ rúmlega 18 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir sérfræðikostnaði 0,6 m.kr. og almennu viðhaldi 4,5 m.kr..